



Mikil verðlækkun á gistingu hér á landi

Ein af afleiðingum minnkandi ferðalaga í heiminum eru almennar verðlækkunir á þjónustu hótela og gistiheimila. Verðlækkunirnar hafa þó verið mismiklar eftir löndum og skýrist það m.a. af því að farsóttin hefur haft mismikil áhrif á ferðapjónustu hvers lands. Verðlækkun á gistingu hér á landi á síðasta ári var til að mynda mun meiri en að jafnaði í evrulöndunum.


Verð á gistingu á hótélum og gistiheimilum hér á landi lækkaði um 12,6% í krónum í fyrra borið saman við árið 2019. Þetta er sögulega mesta verðlækkun á gistingu á einu ári en fyrra met var árið 2019 þegar verð á gistingu lækkaði um 8,3%. Verðlækkun á gistingu hefur verið frekar fátíð hér á landi en frá árinu 1998 má finna tvö önnur ár þar sem verðið lækkaði. Þetta var árið 2005 þegar verðið lækkaði um 4,6% og 1998 þegar verðið lækkaði um 1,3%. Verðlækkun síðustu tveggja ára má fyrst og fremst skýra með minni eftirspurn eftir gistingu hér á landi. Árið 2019 dró úr eftirspurn erlendra ferðamanna vegna falls WOW air og í fyrra voru það áhrif farsóttarinnar.

Þriðja árið í röð sem verðið lækkar í evrum


Langstærsti viðskiptamannahópur íslenskra hótela og gistiheimila eru útlendingar og því tekur verðlagningin mið af þróun á gengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Sé verðið fært yfir í evrur sést að verðið lækkaði um 22,2% á síðasta ári, og var það þriðja árið í röð sem verð lækkaði. Árið 2019 lækkaði verðið um 15,1% og um 4,1% árið 2018. Verðið náði tímabundnu hámarki árið 2007 en þá var það litlu lægra en það var í fyrra eða 3,6% lægra. Verðið náði síðan lágmarki sínu á þessari öld árið 2009 en frá þeim tímamarki og fram til ársins 2017 þegar verðið varð hæsta hækkaði verðið um 170%.

Verð á gistingu í evrulöndum lækkaði einungis um 2,7%

Sé verðlækkunin á síðasta ári borin saman við önnur lönd sést að hér var mun meiri verðlækkun en að meðaltali í evrulöndum. Verð á gistingu í evrulöndum lækkaði um 2,7% borið saman við 12,6% verðlækkun hér á landi í krónum og 22,2% í



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans




evrum. Samkeppnishæfni íslenskra gististaða batnaði því verulega gagnvart gististöðum í evruríkjum. Töluverður breytileiki var hins vegar í verðþróun einstakra evrulanda. Mesta verðlækkunin var í Eistlandi, 16,4% en þar á eftir kom annað Eystrasaltsríki, Lettland með 13,4% verðlækkun. Finnland og Kýpur komu í hnapp næst á eftir með á bilinu 11,2-11,4% verðlækkun. Í nokkrum evrulöndum hækkaði verð á gistingu eins og í Slóvakíu þar sem verðhækkunin var mest, 2%. Í Belgíu, Þýskalandi og Lúxemborg hækkaði verðið á bilinu 0,3-0,6%. Verðið á Norðurlöndunum lækkaði almennt verulega mikið sé litið til verðbreytingar í þeirra eigin gjaldmiðli. Þannig lækkaði verðið meira í Svíþjóð og Danmörku en hér á landi. Verðlækkunin í Svíþjóð var 15% og 13% í Danmörku. Verðlækkunin í Finnlandi var eins og áður segir 11,4%.

Verð hækkaði í nokkrum löndum þrátt fyrir mikla fækkun í gistinóttum erlendra ferðamanna

Þessi breytileiki í verðþróun innan evruríkjanna og Norðurlanda vekur athygli. Þau þrjú lönd þar sem verðið hækkaði milli ára upplifðu á bilinu 59-75% fækkun gistinótta erlendra ferðamanna samtals á öðrum og þriðja ársfjórðungi síðasta árs borið saman við sama tímabil árið áður. Fækkun gistinótta í þeim löndum þar sem verðið lækkaði var á bilinu 57-94% og því ekki mjög svo frábrugðið fækkuninni í löndunum þar sem verðið hækkaði. Ástæðan fyrir þessum verðmun milli þeirra landa þar sem verðið hækkaði og þar sem verðið lækkaði kann að liggja að hluta til í vægi erlendra ferðamanna í heildarfjölda gistinótta innan hvers lands. Þannig kann vægi erlendra gistinótta í þeim löndum þar sem verðið hækkaði að vera mun lægra en í þeim löndum þar sem verðið lækkaði.

Verðbreyting á hótélum og gistiheimilum





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt



af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.